

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3 1-3
850 Hella

20. júlí 2017
UST201706-115/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Galtarholt, Rangárþingi ytra

Deiliskipulagið tekur til nýs aðkomuvegar og byggingarreita fyrir íbúðarhús, hesthús, fjárhús, skemmu og starfsmannahús/gestahús. Landeigandi hyggst byggja upp og stunda búskap á jörðinni auk þess sem fyrirhugað er að stunda þar ferðaþjónustu.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er um 14 ha og liggur sunnan við Landeyjaveg. Í greinargerð kemur fram að svæðið hefur verið nýtt til beitar, sé flatlent og algróið. Aðkoma er af Suðurlandsvegi og um Landeyjaveg. Jörðin í heild er 430 ha. Skipulagssvæðið samræmist nokkuð vel markmiðum aðalskipulagsins.

Framkvæmdir

Lagður verður nýr vegur að jörðinni. Innan byggingarreits B1 er heimilt að byggja allt að 350 m² íbúðarhús og bílskúr. Innan byggingarreits B2 er heimilt að byggja 2 til 4 starfsmanna-/gistihús, samtals allt að 750 m². Innan byggingarreits B3 er heimilt að byggja allt að 450 m² vélaskemmu, allt að 800 m² skemmu/reiðhöll, allt að 300 m² hesthús og allt að 700 m² fjós/fjárhús. Í greinargerð kemur fram að byggingar verði nálægt hver annarri og reynt verði að lágmarka það svæði sem fer undir vegi.


Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveita skuli vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.


Umsögn

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu sem er greinargóð og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að öll mannvirki falli sem best að umhverfi.


Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur